



## Hin almenna heimskreppa auðvaldsins. II. þing Kommúnistaflokks Íslands, (1952?).

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Utanríkisráðherra – Komitern

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Bréfa- og málasafn 1946-1953.  
Askja 2-15, Örk 1

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

*Áfril*

2 (1952)

I. HIN ALMENNA HEIMSKREPPA AUÐVALDSINS.

II. Þing KFI lýsir sig samþykkt ályktunum og útlistum XII. fundur framkvæmdarnefndar Kominter um ástandið í heiminum og verkefni Kommunistaflokkanna og byggir ályktanir sínar og starfslínur á þeim grundvelli. Í ályktunum XII. fundarins segir að hin takmarkaða festing heimsauðvaldsins sé á enda og að nú sé að hefjast nýtt tímabil styrjalda og byltinga. Fyrir auðvaldið er engin friðsamleg leið út úr kreppunni til. Eftirfarandi höfuðstaðreyndir sýna bezt hvernig hin almenna heimskreppa kapitalismans hefir hernað meira en nokkru sinni fyrr og einmitt í þessum staðreyndum birtast best veðurboðar þeirra byltinga og styrjalda, sem eru í aðsigi.

1. Hinar glæsilegu framfarir í sovjet-lýðveldunum.
2. Skerping atvinnukreppunnar í auðvaldslöndunum.
3. Vöxtur byltingaafllanna í imperíalistisku löndunum og nýlendunum.
4. Hinar skerptu mótsetningar milli stórveldanna og upphaf stríðsins í Kína.
5. Aukinn undirbúningur undir árásarstríð á hendur sovjet-lýðveldunum, sem óhjákvæmilega hlýtur að leiða af sér nýtt heimsstríð og byltingar.

Höfuðviðfangsefni Kommúnistaflokksins verður því að undirbúa verkalyðinn undir valdabaráttu hins nýja tímabils. Allar tálvonir um að auðvaldið hringi af sjálfu sér og vanmat á forustuhlutverki Kommúnistaflokksins eru því hættulegri en nokkru sinni fyr. Meira en nokkru sinni er það nú höfuðverkefni Kommúnistaflokkanna að einbeita til þess öllum kröftum sínum að vinna meirihluta verkalyðsins til fylgis og einkum hina þýðingarmestu hluta hans, á Íslandi, hafnarverkamenn, sjómenn og iðnaðarmenn.

Og einmitt þess vegna verður þungamiðjan í starfsemi KFI að leiða verkalyðinn til baráttu fyrir hinu daglegu hagsmunakröfum hans. KFI verður margfalt betur en áður að fylgjast með öllum hræringum innan verkalyðsstéttarinnar til þess að geta tekið á

sig forustuna fyrir hverri smáendurbót. Því aðeins að Kommúnistaflokknum takist að gerast leiðtogi verkafélagsins í hinni daglegu hagsmunabaráttu, sem þróast upp í öflugri og víðtækri stéttabaráttu tekst honum að afla sér fylgis meiri-hluta verkafélagsins og undirbúa hann undir valdabaráttuna. Jafnframt verður að tengja hagsmunabaráttuna með meiri raunveruleikablæ en verið hefir við hin politísku merkmíð kommúnismans. Þess vegna verður að leggja meiri áherslu á að útbreiða meðal íslensks verkafélags þekkingu um uppbyggingu sósíalísmans í sovjet-lýðveldunum og bera saman við hrörnunina og háingnunina í suðvaldsheiminum. Í því sambandi er nauðsynlegt að skýra vel þá hernaðarlegu þýðingu, sem Ísland hefir í stríði gegn sovjet-lýðveldunum og undirbúa þannig verkafélaginn undir hlutverk sitt í slíku stríði.

### III. VILLUR OG MISTÖK FLOKKSINS?

Til þess að Kommúnistaflokkurinn geti orðið þeim verkafélagsnum vaxinn, sem fyrir honum liggja, er nauðsynlegt að minnst orða Lenins: "Afstaða stjórnmálaflokks til mistaka sjálfs síns er öruggastur mælikvarði á alvöru hans. Hón sýnir greinilega, hvort hann rækir í raun og veru skyldur sínar við stétt sína og hinn vinnandi lýð. Það er einkenni hvers þess flokks, sem er hreinskilinn, að játa gallana og glappaskotin, að uppgötva orsakirnar og ástæðurnar, sem valda þeim, og ræða af einurð meðulin til að bæta úr þeim. Það er að ala upp stéttina og lýðinn". Flokkurinn verður að hafa það hugfast, að hann er forystuflokkur alls verkafélagsins og þess vegna ber honum skylda til þess að kannast við mistök sín og villur frammi fyrir öllum verkafélögum og að leiðrétta það, sem rangt er í starfsemi sinni í samvinnu við allan fjöldan innan og utan flokksins. Hér skulu þær þýðingarmestu villur taldar, sem flokkurinn hefir gert og nauðsynlegt er að leiðrétta hið bráðasta: **L.** Hvað eftir annað hefir komið fyrir að hlutverk og sjálfstæði íslensku borgarastéttarinnar hefir verið metið allt of lítið og jafnvel stappað nærri því, að Ísland hafi verið talið vera ensk nýlenda

(samanber bækling SUK, Öreigæmska" o.fl.) Til þess að baráttan verði rekin á réttan hátt, er nauðsynlegt að flokkurinn sýni verkalyðnum fram á að höfuðóvinur hans er íslenska borgarastéttin. Samt skal varast að fara út í hinar öfgarnar, að vanmeta áhrif breska imperialismens á Íslandi, því að slíkt myndi léttja starfið fyrir fasisma, en hins vegar er það hlutverk flokksins, að taka á sig forustu í sjálfstæðisbaráttunni gegn erlendu auðvaldi. 2. Flokkurinn hefir hvergi nærri lagt álfka megináherslu, sem skyldi á að efla og festa áhrif sín við vinnustöðvar og í verkalyðsfélögunum í Reykjavík, meðal þess verkalyðs, sem hlýtur að hafa forystuna í stéttarbaráttunni á Íslandi. 3. Ennþá eru þær skoðanir mjög útbreiddar í flokkunum, að Alþýðuflokkurinn sé sósíalískur verkalyðsflokkur og jafnvel sé hægt að breyta Alþýðusambandinu í baráttusamband verkalyðsins. Flokksstjórnin hefir látið altöf mjög undir höfuð leggjast að berjast á móti þessari röngu og skaðlegu skoðun. Afleiðingin af þessari skoðun var meðal annars eftirfarandi villur, sem komið hafa fram í starfsemi flokksins: a) Í apríl 1930 var gerð tilraun til samninga við miðstjórn Alþýðuflokksins um alsherjarverkfali. b) Undirbúningurinn undir verkfallið í Vestmannaeyjum 1932 var slægur og meðal annars af því að treyst var á hjálp Alþýðusambandsins. c) Stjórn Verkalyðssambands Norðurlands hefir í stað þess að leggja alla áherslu á að gera verkalyðshreyfinguna norðanlands þess megnuga að heyja sjálfstæða stéttarbaráttu, beygt sig fyrir Alþýðusambandinu, boðið því upp á samninga, þar sem að enn voru sett skipulagsleg skilyrði og þar með alið á þeirri tálvon, að hægt væri að "endurbæta" Alþýðusambandið. 4. Höfuðveikleiki flokksins hefir þó verið að honum hefir ekki tekist að skipuleggja leggja og stjórna sjálfstætt hagsmunabaráttu verkalyðsins nema á að mjög litlu leytið og jafn þýðingarmikil baráttu og jandarverkfallið í Vestmannaeyjum var ekki alvarlega undirbúið. Þó er maí verkfallið í Vestmannaeyjum og verkfallið við sláturhús KEA, Akureyri, spor í rétta átt. 5. Höfuðverkefni

flokksins, að hagnýta sér hagsmunabaráttuna til þess að skipuleggja sjálfstæða, byltingasinnaða, faglega, hreyfingu andstöðuhópa innan verkafélagsfélaganna og á vinnustöðum, breyta þeim verkafélagsfélögum, sem eru undir kommunistiskri forystu, í fagfélög, sem eðu hef til að heyja þá stéttarbaráttu, sem tímarnir krefjast, og að tengja þessa starfsemi við agitasjónina fyrir myndun óháðs verkafélags sambands hefir að miklu leyti verið vanrækt. 6. Flokkurinn má ekki eins og tilhneygingar hafa komið fram til, vanrækja alhliða afhjúpun á og baráttumóti íhaldsflokknum, sem enn hefir þúsundir verkamanna undir sínum beinu áhrifum. Með væðarlausri sjálfsgagnrýni verður flokkurinn að losa sig við allar þessar villur og mistök, og koma allri starfsemi sinni inn á pólitískt réttar brautir, svo að hann verði raunverulegt forystulið verkafélagsins.

#### IV. VERKEFNI FLOKKSINS Í LAUSNARBARÁTTU VERKAFÉLGSINS.

Þó að flokkurinn hafi gett tilraunir til að leiða varnarbaráttu verkafélagsins í launadeilum hefir enn ekki tekist að hagnýta sér þá róttæku öldu, sem er að rísa í verkafélags-hreyfingunni. Enn hefir ekki tekist að mynda skipulagsbúhdinn faglegan andstöðuarm enn hefir ekki tekist að gera þau verkafélagsfélög, sem eru undir kommunistiskri stjórn, þess megnug að heyja þá baráttu, sem tímarnir krefjast. Aðalorsök fyrir því að ekki hefir tekist betur, er að sú skoðun er ennþá ekki orðin sameign flokksins, að "veigamesta verkefni kommúnistaflokksins er nú að vinna á sem skemmstum tíma meiri hluta verkafélagsins, og að taka á sig forystuna í hinni daglegu stéttarbaráttu hans", eins og stendur í ályktun flokksins sem samþykkt var á ráðstefnu hans, sem haldin var í nóvember 1931. Margsinnis hefir flokkurinn lagt alla áherslu á að "þvinga" sósíaldemókrata til þess að taka þátt í baráttunni, í stað þess að beita öllum kröftum sínum til þess að leiða hana sjálfstætt og jafnframt að sýna fram á svik sósíaldemókrata og að uppræta allar

tálvonir um að nokkurs annars væri frá þeim að venta en frá öðrum fjandönum verkalyðsins. Því meir sem kreppan harðnar, því opinskárrí og esvífnari verða svik sósíaldemókratísku foringjanna við verkalyðinn og samvinna þeirra við borgarastéttina. Allna greinilegast hefir þetta komið í ljós í síðustu launa- deilunum. Í deilunni við Síldarverksmiðjuna á Siglufirði og í deilu Sjómannafélagsins við Kveldúlf. Þessi svik verður að nota til þess að sýna verkalyðnum fram á að sósíaldemókratísku- foringjarnir eru höfuðaðstoð borgarastéttarinnar á Íslandi, og berjast fyrir hagsmunum borgarstéttarinnar á móti hagsmunum borgarstéttarinnar á móti hagsmunum verkalyðsins. Þess vegna er líka sérstaklega nauðsynlegt að uppræta þær skoðanir, sem alvarlega hafa gert vart við sig í flokknum, að sósíaldemo- kratarnir séu ekki höfuðaðstoð borgarstéttarinnar, í sambandi við vanmat á forustuhlutverki verkalyðsins og kommúnistaflokksins, sem kemur fram í tregðu gagnvart þeim aðalverkefnum, sem fyrir liggja að taka á sig forustu í hinni daglegu hagsmunabaráttu verkalyðsins. En soc. dem. foringjarnir verða ekki afhjúpaðir með orðum einum og tillögum í verkalyðsfélögunum, heldur aðeins með því að skipuleggja samfylkingu verkalyðsins og allra vinn- andi manna í baráttunni fyrir hagsmunum þeirra. Á engan hátt má vekja tálvonir um það, að samfylking með soc. dem. foringjunum eru undir öllum kringumstæðum á móti samfylkingu verkalyðsins í hagsmunabaráttunni. Þeir vilja enga baráttu við auðvaldið, þess vegna kljúfa þeir verkalyðsfelögin, ræna kommúnista réttindum innan félaganna o. s. frv. Flokkurinn verður að leggja alla áherzlu á að safna verkalyðnum saman til baráttu gegn þessari klofningsstarfsemi. Flokkurinn verður að skipuleggja samfylkingu hins vinnandi fjölda, á þann hátt að ganga í broddi fylkingar í baráttunni gegn auðvaldinu, í stað þess að láta sér nægja útbreiðslustarfseminna eins. Sjálfsagt er að bera fram tillögur í verkalyðsfélögunum um þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru í baráttunni, en þetta er ekki nægjanlegt, Aðalatriðið er að leiða verkalyðinn í sameiginlegri fylkingu út í sjálfstæða baráttu, þrátt fyrir svik foringjanna. Þess

vegna verður að gera allt til þess, að uppræta þær skoðanir í flokkinum, að kommúnistaflokkurinn sé einkonar vinstri armur Alþýðuflokksins. Eru þær einkum hættulegar, ef vinnubrögð kratabroddanna verða svo sterk á næstunni sem útlit er fyrir. Þess vegna verður þunga miðjan í starfseminni að flytjast yfir á vinnustöðvarnar og inn í verkafélögin, einkum í Reykjavík og öðrum stærri bæjum til þess að ákvarðanir flokksins um sjálfstæða forustu hans í stöttebaráttunni verði að raunveruleika, en ekki aðeins pappirs-samþykktir.

#### V. STARFID Í FAGFÉLÖGUNUM.

Starfið í fagfélögunum hefir einnig verið algerlega ófullnægjandi. Þó að flokkinum hafi orðið talsvert ágengt, svarar það enganvegin til þeirra möguleika, sem kreppuástandið og stéttavakningi verkafélögsins hefir skapað. Þó að stjórn VSN hafi verið í höndum kommúnista, hafa áhrif flokksins í fagfélögunum verið svo veik, að alvarleg hætta hefir stafað af, þó talsverð framför hafi orðið. Í þýðingarmestu fagfélögunum í Reykjavík, Dagsbrún og Sjómannafélaginu, eru áhrif flokksins miklu veikari en ætla mætti, þegar tekið er tillit til þess hvað flokkinum hefir orðið ágengt í útbreiðslustarfsemi sinni í Reykjavík. Á Ísafirði eru kratabroddarnir svo að segja einráðir ennþá, þrátt fyrir ágata möguleika til þess að afhjúpa þá, sem hingað til hafa verið vanrækt. Starf liðanna hefir verið losaralegt og launabaráttan og atvinnuleysisbáttan hefir ekki verið notuð til þess að skipuleggja faglega andstöðuhópa á faglegum grundvelli (t.d. samfylkingarnefndir, samfylkingarlið, báttuhópa). Fyrir þessari vanrækslu eru sömu orsakir og fyrir veikleika flokksins í launadeilunum. Nú þegar atvinnurekendur krefjast 25-30% launalækkunar og nota miskunarlaust öll kágunartæki sín til þess að velta byrðum kreppunnar yfir á bak verkafélögsins, verður flokkurinn að snúa sér af alefli að því að skapa víðtæka faglega undirstöðuhreyfingu í grundvelli samfylkingar-

baráttu. Þetta skref verður fyst og fremst að vera verkefni liðanna í verkalyðsfélögunum og sellanna á vinnustöðvunum. Hinn faglegi andstöðuarmur verður að skapast neðan frá í sjálfri baráttunni, sem hópar á vinnustöðvunum og samfylkingarlið og samfylkingar- og baráttunefndir þar sem það á við. Jafnframt þarf flokkurinn að nota alla möguleika til þess að skýra fyrir verkalyðnum nauðsynina á myndum faglegra baráttusambanda, sem séu fær um raunverulega að heyja þá baráttu, sem tímarnir krefjast, sem sé þær, að verjast launslækkunarbaráttu atvinnurekenda og að knýja fram hagsmunabætur handa verkalyðnum, þrátt fyrir kréppuna. Flokkurinn verður að sýna verkalyðnum fram á, að Alþýðusambandið/ og flest þau félög, sem eru innan þess, eru engin fagfélög, engin baráttusamtök, er séu fær um að leysa þessi hlutverk af hendi. Vegna þess, í fyrsta lagi: að í verkalyðsfélögunum eru meðlimir, sem eru fjandsamlegir verkalyðnum, atvinnurekendur o.s.frv., í öðri lagi: Enda þótt Alþýðusambandið saman standi að miklu leyti af verkamannafélögum, er það þáþekkt fagfélagasamband, heldur verður meir og meir að pólitískum flokki í höndum sóc. dem. broddanna. Í þriðja lagi: Verkalyðsfélög þessi eru undir stjórn socialdemokrata - undir pólitískri stjórn verkalyðssvikara. Í fjórða lagi: Kommúnistar og róttækir verkamenn, sem fremstir standa í baráttu verkalyðsins, eru ymist reknir af verkalyðsfélögunum eða rændir pólitískum réttindum - til þess að lama verkalyðsfélögin í baráttunni. Í fimmta lagi: Tiltölulega lítill hluti verkalyðsins er skipulagður í verkalyðsfélögum. Í sjötta lagi: Reynslan hefir synt það vegna svika foringja Alþýðusambandsins hafa ýms félög, sérstaklega hin minni, ekki verið fær um að halda uppi taxta kaupum eða knýja atvinnurekendur til samninga. Alstaðar, þar sem meiri hluti verkalyðsfélaganna er orðinn fylgjandi og hefir skilið nauðsyn þess að skapa fagleg baráttusamtök, verður flokkurinn að hafa forustuna í að skipuleggja slík samtök þegar í stað, gera allt, sem auðið er, til þess að fá hiha óskipulagsbundnu verkamenn til að vera með í sköpun slíkra samtaka og með liðastarfsemi



sinni að sjá um það, að þessi fagfélög standi raunverulega á grundvelli stéttarbaráttunnar. Nauðsynlegt er að snúa sér að því af eflfli að breyta fagfélögum norðanlands, sem eru og verða undir okkar forustu, í raunveruleg fagfélög og að beina starfi þeirra inn á réttar baráttubrautir, til þess að þetta sé hægt verður að skapa í félögunum vel starfandi flokkslið og samfylkingarlið. Aðeins með slíkri eljusamri baráttu er hægt að felsta áhrif flokksins í verkalyðshreyfingunni norðanlands og berjast fyrir því, að forustan komist á hendur kommúnista og hins byltingarsinnaða verkalyðs. Kröfur þær, Verkalýðssamband Norðurlands stillti upp í apríl í sambandi við tilboð ráðstefnunnar til Alþýðusambandsins, eru rangar að dómi flokksþingsins. Með slíkum kröfum, sem einungis snerta skipulagslega sambandið við Alþýðuflokkinn, eru aðeins vaktar tálvonir um að hægt sé að breyta Alþýðuflokknum í stéttarbaráttusamband - slíkar kröfur eru aðeins veikleikamerki og draga athygli frá því, sem er brynasta verkefni norðanlands - að safna verkalyðnum til baráttu um hin daglegu hagsmunamál á samfylkingargrundvelli í þeirri baráttu, að efla áhrif flokksins og festa verkalyðsfélögin skipulagslega á þann hátt sem að ofan greinir. Til þess að skipuleggja og efla starf flokksliðanna í verkalyðsfélögunum er nauðsynlegt að flokkurinn hagnyti sér ályktun framkvæmdarstjórnar komintern um hlutverk kommúnista í fagfélögunum og framkvæmd þessara ákvarðanar hið bráðasta samkvæmt íslenskum staðháttum. Aðeins með því að efla og styrkja og skápuleggja betur liðastarfsemina getur flokknum tekist að hrifsa stjórn verkalyðsfélaganna ur höndum kratabroddanna og koma henni í hendur besta og framsæknasta hluta verkalyðsins sjálfs. Annað undirstöðuatriði fyrir því að flokknum takist að leysa hlutverk sín af hendi í faglegu baráttunni er að starf sellanna verði skipulagðara og betra en verið hefir hingað til og að flokknum takist að mynda vel starfandi sellur á öllum þýðingarmestu vinnustöðvum, bæði á sjó og landi. Verkefni sellanna er að mynda samfylkingarhópa á breiðum grundvelli á vinnustöðvunum,

sem skapast verða í þeirri hagsmunabaráttu, sem hæð er á vinnustöðvunum undir forystu sellanna. Í þessa samfylkingarhópa er nauðsynlegt að sameina ekki einungis þá verkamenn sem eru meðlimir fagfélaganna, heldur líka hinna, sem enn standa utan þeirra.

#### NÆSTU OG ÞYÐINGARMESTU SKIPULAGSHLUTVERK KFI.

Vöxtur kreppunnar og stéttabaráttunnar á Íslandi, stærstu hlutverkin í baráttunni, ein og þau eru synd í bréfi pol. nefndarinnar frá 3. ágúst, krefjast þess, að nú verði hafist handa að skapa virkilega bolsjevistískt flokksskipulags með því að beita bolsjevitískum aðferðum í skipulagsmálunum. Allir flokksorganisationir verða að hefja sig upp í það pólitíska og skipulagslega ástand, sem ekki aðeins samsvari vaxandi hreyfingu fjöldans til vinstri (radikalisering), sem heldur einnig standi allstaðar í fylkingarbrjósti baráttunnar á móti árásum auðmagnsins. 1. 11 fundur E.K.K.I. lagði áherslu á að deildir alþjóðasambands kommúnista í auðvaldslöndunum sýndu greinilega kyristöðu, sérstaklega í skipulagsmálum, borðað saman við vöxt hinnar byltingarsinnuðu hreyfingu verkafólks og bænda. Þetta á sérstaklega við um okkar unga íslenska flokk. Uppbygging flokksskipulagsins og aðferðirnar í skipulagsstarfinu meðal fjöldans sýnir að ennþá eru hinir sósíaldemókratísku skipulagsaðferðar ríkjandi að mestu leyti. Það er eitt þyðingarmesta hlutverk flokksins og foringja hans, að heyja ákveðan og þrautseiga baráttu á móti þessu. Sérstaklega á meðal hins þyðingarmesta hluta verkafólksins, hafnarverkamanna, meðal sjómanna á skipunum og fiskimanna á togurunum, á meðal verkamanna og verkakvenna á vinnustöðvunum, sérstaklega í Reykjavík, er flokksskipulagið ennþá mjög veikt og sýnir þar með veikleika okkar í áhrifum á fjöldann. 2. Næsta og þyðingarmesta hlutverk allra flokksdeilda verður að vera, að skipuleggja alla flokksmeðlimi á vinnustöðvunum og skipunum á starfandi sellur. Vinnustöðvasellur verða að skipuleggjast á öllum vinnustöðvum, á skipunum, á

Öllum togurum, folksflutninga- og flutningaskipum, smærri fiskiskipum, einnig á mótorskipum, allstaðar þar sem að minnsta kosti 3 flokksmenn eru vinnandi. Við hafnirnar verða allir flokksfélagar að vera í hafnarsellu og landverkamennirnir á stærri bændabýlum í landverkamannasellu. Sömuleiðis á að skipuleggja sellur á öllum fiskverkunarstöðvum.

3. Á vinnustöðvunum, á togurunum og öðrum skipum, þar sem aðeins einn eða tveir félagar vinna, verða einnig þessir einstöku meðlimir að fá stöðugar, nákvæmar fyrirskipanir frá viðkomandi flokksforystu, eða frá þar til settum starfsmönnum flokksins um hvernig þeir eigi að leysa af hendi sitt daglega starf meðal fjöldans og að vinna verkalýðinn til baráttu fyrir sínum hagsmunum - og politískum kröfum, að vinna nýja meðlimi fyrir flokkinn, til þess með slíkri starfsemi meðal fjöldans að geta sem fyrst skapað sjálfstæðar sellur. Þetta er umfram allt nauðsynlegt, áður en skip fara úr höfn, fiskiskip og togarar á veiðar, á meðal þeirra, sem vinna árstíðarvinnu. Felagarnir verða að fá <sup>með</sup> /seð/ utbreiðslugögn þekur, upptöskúrkerteini fyrir flokkinn og alímingarmerki o.s.frv. og tranaðaræzzari maðurinn eða sellan verður að nota sér alla möguleika til þess að standa í skriflegu sambandi við flokksforystuna meðan á veiðunum stendur, til þess að gefa skýrslu um starfsemi sellunnar og fá stöðugt leiðbeiningar um áframhald starfsins. Á slíkum stöðum eins og t.d. Vestmannaeyjum og Siglufirði, þar sem fleiri bátar hafa sambönd við sama vinnustað á landi, getur verið rétt til að byrja með, að hafa sameiginlega sellu fyrir fleiri báta, en sellan verður að reyna fyrst og fremst að fá tranaðarmann á hverjum einstökum báti.

4. Fyrsta hlutverk flokksfélaga, sem á að skipuleggja sellu á skipi eða vinnustað í landi, er að kynnast öllum verkamönnum vel, sem hann vinnur með, pólitísku skoðunum þeirra, hverjir eru okkar hlutlausir eða fjandsamlegir, hverjir eru vinveittir sósíaldemókratínu, eða eru meðlimir í Alþýðusambandinu, hverjir standi í sambandi við atvinnurekandann og eru eindrekar hans og njósnarar á vinnust. Þetta er nauðsynlegt vegna þess að starf vinnustöðvarsellanna

verður að vera framkvæmt með tilliti til allra nauðsynlegra varðbarráðstafana, venjulega leynilegt, til þess að forðast í lengstu lög ofsóknir á hendur félögunum af hendi atvinnurekandans, til þess að gera ekki starf okkar meðal fjöldans ónauðsynlega erfitt. Flokksfélagarnir verða að læra að nota sér á viðeigandi og réttan hátt alla leyfilega möguleika til starfsins meðal fjöldans, og sameina það hinu óleyfilega starfsaðferðum. Þeir verða með því að standa framarlega fyrir hagsmunamálum verkamannanna, að vinna sér traust þeirra, til þess einnig að geta hindrað áformaðar ofsóknir atvinnurekendanna með virkri samuð verkamanna. Flokksfélagarnir verða að nota sér hvert tækifæri, vinnuhlé o.s.frv. til þess að ræða við verkamennina og vinna þá bestu og virkustu fyrir flokk okkar, eða sem meðlimi í samfylkingarliði (opposition), meðlimi ASV, rauðuhjálpar eða annars byltingssinnaðs félagsskapar. Þegar okkur hefir tekist að safna saman kjarna af vinveittum verkamönnum, verður fyrst að mynda samfylkingarlið (oppositionsgrúppur) og síðar sellu. Það er sérstaklega nauðsynlegt að losa sósíaldemokratísku verkameining undan áhrifum foringjanna með því að vinna þá til baráttu fyrir hinum daglegau hagsmunamálum, móti vinnuveitendum og hinum sósíaldemokratísku foringjum. Séu njósnarar atvinnurekendanna á vinnustöðvunum verður að safna verkamönnum til baráttu móti þessum erindrekum til þess að einangra þá og hálst reka þá burt af vinnustaðnum.

5. Á vinnustöðvunum, togurunum og öðrum skipum, þar sem engin sella er fyrir hendi og ekki heldur einstakir flokksfélagar vinnandi, verður að reyna að finna vinveitta verkamenn, eða þá sem eru í andstöðu, til að taka að sér að vera trúnaðarmaður flokks okkar. Þið verið að reyna á allan mögulegan hátt að komast í samband við verkamenn á slíkum vinnustöðvum eða skipum, t.d. gegnum lið okkar í verkamannafélögunum og fagfélögum, í "Dagsbrún", Sjomannafélaginu og "Framsókn". Götusellurnar og deildirnar verða skilyrðislaust að leggja aðaláhersluna á starfið á vinnustöðvunum. Þær verða einnig að leggja áherslu á starfið á smærri vinnu-

stöðvum. Grímstöðaholtssellan á t.d. að starfa á fisk-  
verkunarvinnustöðvunum við Skerjafjörð og skipuleggja þar  
sellur. 6. Aðalhlutverk vinnustöðvasellunnar er að stjórna  
hinni daglegu hagsmunabaráttu á vinnustöðvum og skipum. Sé  
á einum vinnustað meðlimir fleiri fagfélaga, þá verður að  
skipuleggja flokksfélagana þar í liðum. Hlutverk vinnu-  
stöðva og gatnasellanna er að skipuleggja vinveitta verkamenn  
og þá sem eru í andstöðu í samfylkingarlið, með því að starfa  
fyrir hagsmuna- og áhugamál verkamanna. Með aðstoð og leiðsögn  
sellunnar eiga þessi samfylkingarlið að skipuleggja hina dag-  
leguaráttu fyrir hagsmunamálum verkafólksins á vinnustöðvunum  
og skipshafnanna. Það verður að nota alla möguleika til þess að  
herða á verkafni fyrir flokksfélaganna á skipunum og vinnu-  
stöðvunum, sérstaklega þar sem engar sellur eru fyrir hendi.

7. Til þess að notfæra sér alþjóðlega reynslu hinnar bolsjevisku  
uppbyggingu sellanna og forystuna í starfi vinnustöðvasellunnar,  
vísun við ykkur á bréf skipulagsnefndar framkvæmdarnefndar K.A.  
"Um starf vinnustöðvasellanna, sem er prentað í nr. 109-112  
Imprekorr 1930, og biðjum yður að þýða þetta og birta í tímariti  
ykkar "Rétti". Auðvitað er ekki hægt að heimfæra reynsluna,  
sem þetta bréf hefir að innihalda, gagnrýmislaust upp á  
íslenskar aðstæður, heldur verið þið að notfæra það með sér-  
stöku tilliti til íslenskra staðhátta. Í vinnustöðva og skipa-  
sellum með 2-5 félögum skal undir flestum kringumstæðum kjósa  
formann og einn varaformann. Formaðurinn er ábyrgður fyrir  
daglegri skipulagningu starfsins meðal fjöldans, og fyrir því,  
að sambandinu við deildarstjórnina sé haldið vakandi. Vara-  
formaðurinn á að sjá um skipulagsstarfið. Þetta ber þó ekki  
að skilja bókstaflega, hvað snertir verkaskiftingu formanns  
og varaformanns í pólitískt og skipulagslegt starf. Í slíkum  
fámennum sellum á varaformaðurinn jafnframt að hafa á hendi  
innheimtu flokksgjalda, í fjölmennri sellum skal, allt eftir  
stærð sellanna, kjósa sérstakann gjaldkera, sérstakan stjórnanda  
fyrir útbreiðslu- og fræðslustarfsemi og ef konur eru á vinnu-

stöðvum, sérstakan félaga til þess að leiða starfið meðal kvenfólksins. Ef ungir menn starfa á vinnustöðvunum og sérstök æskulýðssella hefir verið mynduð, þá er formaður æskulýðssellunar jafnframt meðlimur í stjórn flokksellunnar. Sé engin æskulýðssella verður að skipuleggja hana með aðstoð flokksfélaga. Slík verkaskifting í forystustarfinu má ekki verða til þess að aðrir félagar, sem enga flokksstöðu hafa, verði ekki dregin inn í neitt starf. Þvert á moti verða allir flokksfélagar að taka þátt í daglegum framkvæmdum flokksstarfsins. Sellustjórnirnar verða að skifta ákveðnum verkefnum á flokksfélaga, hafa gegnum félagana eftirlit með að þau séu framkvæmd og aðstoða þá í því efni. 9.

9. Eitt af hinum þýðingarmiklu hlutverkum sellanna er regluleg útgáfa vinnustöðva- og skipsblaða, til þess einnig að aðstoða við myndun nýrra vinnustöðvasella. Vinnustöðvablöðin eru leiðin til þess að flytja fjöldanum nákvæma lýsingu á stefnu flokksins og vekja áhuga þeirra í baráttunni fyrir hagsmunakröfunum. Einnig fámennu flokksdeildirnar og götusellurnar attu reglulega, minnst einu sinni í mánuði, að gefa út blöð, þar sem dagskröfur og hagsmunir verkalyðsins og annarra vinnandi stétta eru tekin til meðferðar og þessi tengd hinna pólitísku línu og takmarki flokksins. Í slíkum blöðum á einnig að taka til meðferðar hagsmunamál verkamanna, sem starfa á fámennum vinnustöðvum, eða í vegavinnu og árstíðavinnu. Þessi blöð skal nota til sköpunar viðtækrisamfylkingar hreyfingu samkvæmt ákvörðun bréfsins frá ländersekfetariatinu til þess að afla flokksblöðunum nýrra áskrifenda, til þess að ná í nýja miðlimi í flokkinn og auka meðlimatölu annarra byltingasinnaðra félaga (ASV, Rauða hjálp, Íþróttafélög verkamanna), og loks til þess að boða verkamenn og hinn vinnandi fjölda á hina opinberu flokksfundum vora, í kröfugöngur og annað. Blöð þessi verða félagarnir í sellunum og deildunum sjálfir að skrifa, fjölrita, utbyta og selja. Það verður að gera tilraunir til þess að verkamannabréf frá sympariserandi verkamönnum og jafnframt fá þá til að aðstoða við utbræðslun

Regluleg útgafá slíkra blaða er jafnframt fyrirtaks undirbúningur gegn harðvítugri ofsókn auðvaldsins á hendur flokki okkar, í tilfelli af því að blöð okkar verði bönnuð, flokkurinn bannaður o.s.frv. 10. Vinnustöðva og bastaðasellurnar skulu bjóða vinveittum verkamönnum á sellufundi sína, til þess að ræða við þá áriðandi og pólitísk mál. Götusellurnar og vinnustöðvasellurnar ættu að gera sér það að venju að halda minnst einu sinni í mánuði utvíkkaða flokks- og umræðufundi um dagskrármál, sem hinn vinnandi fjöldi hefir áhuga fyrir. Á þessum fundi skal boða þá, sem eru vinveittir hreyfingu okkar (lesendur flokksblaðanna, meðlimi byltingarsinnaðra félaga og verkamenn, sem eru óánægðir með stjórn verkalyðsmálanna í höndum kratabroddanna) og auk þess flokksleysingja og sócilademókratiska verkamenn. Boðunin skal fara fram með aðstoð vinnustöðva- annarra blað, eða með litlum flugmiðum og persónulega. Á fundinum skal skipuleggja fjörugar umræður með gestunum og ráða við þá sameiginlega um bestu aðferðirnar í baráttunni fyrir hagsmunum þeirra, skyra þeim hlutverk okkar og takmörk og reyna að vinna þá sjálfa sem þátttakendur í baráttunni. 11. Miðstjórn og fjórðungastjórnir verða að nota þær aðferðir við stjórnarstörfin, sem vekur deildirnar, staða- og götusellustjórnirnar við mikinn áhuga við framkvæmd hinna pólitísku starfa, og gerir þær færar til sjálfstæðrar og nákvæmrar framkvæmdar á ákvörðunum flokksins. Þess vegna eiga meðlimir pólitísku nefndarinnar, Miðstjórnarinnar, fjórðungs- og deildarstjórnarinnar, að taka stöðugan þátt í starfi sellanna, aðstoða sellurnar í samvinnu við þær, leiðbeina þeim og kenna félögunum framkvæmd starfsins meðal fjöldans í dægurmálunum. Þær verða að sjá um, að lögð sé aðaláherslan á skipulagningu og uppbyggingu flokksins með því að mynda vinnustöðva- og skipasellur, sérstaklega í Reykjavíkurdeildinni og í bæjunum. Miðstjórnin og fjórðungsstjórnirnar eiga að framkvæma fyrirskipanir til framkvæmda á hlutverkunum ekki aðallega skriflega, heldur með endurteknum heimsóknum á deildar- og sellufundi, og samtali við stjórnirnar og sérstaklega starfsmenn flokksins. 12. Mesta áhezzl

Áherzlu skal leggja á eflingu og útvíkkun deildarstjórnanna og gera þær að virkum og pólitískt sjálfstæðum stjórnnum. Á Íslandi skal kjósa deildarstjórnirnar í öllum bæjum á almennum félagsfundum. Í fámennari deildum - allt að fimm meðlimum - skal kjósa til stjórnarstarfsins eins og í fámennum vinnustöðvasellum einn formann og einn varaformann. Í fjölmennari deildum og í götusellunum skal kjósa fjölmennari stjórn, venjulega með sömu verkaskiftingu, eins og í stærri sellum. Flokksstjórnirnar skulu skipuleggja starf sitt með því að stilla upp nákvæmri starfsáætlun. Einu sinni á hverju hálfu ári skulu fara fram nýjar kosningar og skulu fráfaramandi stjórnir þá skila skýrslu um starf sitt. Deildarstjórnirnar verða í starfi sínu að leggja aðaláhersluna á það, að vinna verkalyðinn og starfa að því sérstaklega á vinnustöðvunum, meðal stjómanna, fiskimanna og landverkamanna. 13. Eitt af verkefnum þeim, sem flokkurinn nú þegar verður að leysa í sellustarfinu á grundvelli ofangreindra fyrirskipana, eru: 1. Myndun virkrar æskulyðssellu við höfnina í Reykjavík, flokkurinn verður að aðstoða SUK af fremsta megni í þessu efni. 2. Návaramandi fyrirkomulag um blandaðar vinnustöva- og bústáðasellur, eins og tíðkast t. d. í Reykjavík, verður að afnema, þar eðslík skipulagsuppbygging er röng og leiðir ekki til myndunar starfandi vinnustöðvasella. 3. Flokksfélagarnir á Reykjavík og á öðrum stöðum, sem fyrst um sinn ekki er hægt að sameina í vinnustöðvasellur, verður að sameina við vinnustöðvasellur, láta þá að öðrum kosti vera fyrst um sinn í götusellum eða flokksdeildinni, ef þannig stendur á. Stjórnin verður að aðstoða þessa einstöku meðlimi í myndun sjálfstæðra sella í þeirra vinnustöðvum. Þeir mega ekki vera meðlimir í götusellu eða deild, ef þannig stendur á, eftir að sjálfstæð vinnustöva- eða skipasella hefir verið mynduð eða möguleikar til sköpunar hennar fyrir hendi. 5. Á þeim vinnustöðvum, þar sem árstíða vinna er unnin, skal einnig skipuleggja sellur ef vinnan stendur yfir í fleiri vikur. Þegar árstíðavinna hættir þarf yfirfæra þessa meðlimi annað hvort í aðrar vinnustöðvar- eða götusellur (deildir) þeirra. 14. Annað áriðandi verkefni



í skipulagstarfinu er myndun fjórðungsstjórna, fyrst og framst á Nórðurlandi, Austur- og Vesturlandi, sem vinna sjálfstætt. Vegna hinna miklu fjarlægða milli deildanna og miðstjórnarinnar er samband miðstjórnar við þær algjörlega ófullnægjandi, sérstaklega ef tekið er tillit til þess að deildir þessar eru enn mjög veikar og óreyndar í starfi meðal fjöldans. Þess vegna þarf fyrst og fremst að mynda ofangreindar fjórðungastjórnir og verða stjórnarmeðlimir þeirra að standa í lifandi sambandi við flokksdeildirnar vinnustöðvasellurnar og trúnaðarmennina á hinum ýmsu stöðum og ala þær upp til sjálfstæðs starfs með persónulegum leiðbeiningum. Takmarkið verður að vera, að efla frumkvæðið hjá grunneiningum flokksins og starfsmönnum hans þannig, að þeir verði hæfir til að stjórna starfinu meðal fjöldans, einnig án nákvæmra, skriflegra fyrirskipanna flokks miðstjórnarinnar. 15. Í Reykjavíkudeildinni skal miðstjórnin jafnframt starfa sem héraðsstjórn (deildarstjórn). Felagar þeir, sem fram að þessu hafa starfað í deildarstjófninni skulu settir til aðstoðar miðstjórn eða þeim fengið á hendur starfið á aríðandi vinnustöðvum, liðum o.s.frv. Fyrir Reykjavíkurbæ skal mynda bæjarstjórn og skulu nokkrir meðlimir miðstjórnarinnar taka virkan þátt í starfi bæjarstjórnarinnar. Faglega nefnd miðstjórnarinnar skal umskipuleggja á grundvelli ákvarðana miðstjórnar AK, "Um verkefni kommúnista í fagfélögum", og framkvæma þessar ákvarðanir um uppbyggingu liðanna í fagfélögunum með nákvæmu tilliti til íslenskra staðhátta.

#### HLUTVERK SAMBANDS UNGRA KOMMÚNISTA.

SUK verður að gera sér ljósa hina miklu einangrunarhættu, sem starfar af starfsleysinu í hinn daglegu hagsmunabaráttu verkalýðsæskunnar og þess vegna verður fyrsta hlutverkið að samfylkja verkalýðsæskunni um sérstakar hagsmunakröfur sínar á grundvelli samfylkingarinnar án tillits til pólitískra skoðana. Aðaláherslu verður SUK að

leggja á starfið meðal hinna þýðingarmestu hluta verk-  
lýðsæskunnar, sjómenn, hafnarverkamenn, iðnaðarmenn, fiskverka-  
menn o.s.frv. Á öllum vinnustöðum þar sem askulýður vinnur  
og á skipunum verður SUK að stofna sjálfstæðar sellur, ef  
skipulagsleg skilyrði eru fyrir hendi. Sellur þessar leitast  
við að vekja verkalyðsæskuna til bafattu og ná forystunni.  
Þegar engin skipulagsleg skilyrði eru fyrir hendi, þá skal  
stofna áhlaupalið, er starfar utanfrá að því að vinna upp  
og skapa skilyrði fyrir sellustarfi. Þar sem verkalyðsæska  
hefir myndar fagfélög eða deildir innan fagfélaga, t.d. iðnnema  
og sendisveinar, skal unnið að stofnun liða. Í verkamanna  
og sjomannafélögum skal stofna sérstaker askulýðsdeildir  
innan kommúnistaliðanna, sem hafa sína sérstöku fulltrúa í  
stjórnun liðanna. Í atvinnuleysisbaráttunni verður SUK að  
leggja áðaláhersluna á að samfylkja ungum verkamönnum gegn  
atlokun þeirra frá atvinnubótavinnu, en sú baratta verður  
að vera tengd hinn almennu atvinnuleysisbaráttu. Hagsmun-  
baráttan verður að tengjast hinum pólitískuverkefnum SUK og  
kappkosta að vinna nýja meðlimi einmitt í gegn um hana og  
á grundvelli hennar að fletta vögðarlaust ofan af ungrata-  
broddunum. Allar deildir SUK verða að taka upp baráttuna  
fyrir kröfum skólabarnanna um ókeypis skólaáhöld og matgjafir.  
Áhersla verður að leggja á að ná til foreldra barnanna, en  
þó sérstaklega verður að halda fundi með börnunum til að  
þá/skyra þeim kröfurnar og í gegnum þá baráttu að vinna þau  
fyrir þjónera-hreyfingu. Málagn SUK "Rauði fáninn" hefir  
brugðist hlutverki sínu sem baráttumálagn verkalyðsæskunnar  
í hagsmunabaráttunni. Greinar um hagsmunabaráttuna hafa verið  
skrifaðar almennt og ekki nægilega tengdar dægurbaráttunni  
og sambandi blaðsins við deildirnar uti á landi verið mjög  
lítilfjörlegt og því eðlilegt að félagarnir uti á landi hafi  
verið óánægðir með það (sbr. ályktun Siglufjarðardeildar-  
innar). Á þessu verður að verða breyting. RF verður að  
eignast fasta fréttaritara viðsvegar um landið, sem sjái  
um að ungir verkamenn skrifi verkamannabref í hann og verðar

deildirnar að gjöra allt, sem þær geta, til að aðstoða hann í þessu starfi. Á þennan hátt einan er hægt að gera RF að baráttumál gagni verkalyðsæskunnar, sem vinni hylli hennar.

#### ÚTBREIÐSLU OG FRÆÐSLUMÁL.

Baráttan gegn andstæðingafélögunum hefir verið lítil og ekki rétt rekin, baráttan gegn Heimdellingum hefir ekki verið nægilega alverleg (sbr. grínklausurnar í RF) SUK verður með fullri alvöru að sýna ungum verkamönnum, sem fylgja Heimdalli, fram á stéttaeðli félagsins og andstöðu þess gegn hagsmunamálum verkalyðsæskunnar og hrifa þá með í stéttabaráttuna. SUK hefir nú í seinni tíð staðið lítið fyrir opinberri andstöðu við ungrataforingjana og almennar raddir verið um það meðal leiðandi manna SUK, að við ættum ekki að skrifa mikið eða tala um þá, vegna þess hvað þeir varu veikir, Í þessu kemur fram hattulegt vanmat á hlutverki ungrataforingjana. Félagarnir verða að gera sér þá ljóst, að aðalhlutverk ungratabroddanna er að halda verkalyðsæskunni óvirkri, að varna því að hun taki upp hagsmunabaráttu fyrir sjálfa sig með hinum byltingasinnaða verkalyð. Aðalatriðið í baráttunni gegn andstæðingsæskulyðsfélögunum verður að vera að sýna verkalyðsæskunni, að þeir berjast gegn hagsmunum hennar en þetta getur aðeins borið árangur, að okkur takist jafnhliða að heyja einhverja hagsmunabaráttu meðal hennar. Ennfremur verður SUK að gera meira að því að koma upp umræðufundum með æskulyðsfélagsskap andstæðinganna, sem hafa mikið af verkalyðsæsku innan sinna vébanda. Afhjúpá verður miskunarlaust blekkingastarf andstæðingaflokkanna í kosningaréttarmálinu. Útbreyðslustarfið hefir víða verið samilegt í deildum SUK, samt verður það að aukast nú á næstunni. Einkanlega verður starfsemi í skólum landsins að eflast, og ennfremur verða deildir SUK, sem hafa aðstöðu til útbreiðslustarfsemi í sveitum að hefja hana. Þungamiðjan á útbreiðslusviðinu verður þó RF að vera jafnhliða sem SUK hefur samfylkingarstarfsemina meðal

verkalýðsæskunnar verður að hefja baráttu fyrir útbreiðslu RF og eins verður SUK að ráðast í utgáfu fjölritaðara blaða, þar sem möguleikar eru fyrir hendi. Innbyrðis fræðslustarfi verður að efla. Almenna þátttöku SUK félaga verður að fá í leshringum flokksins. Einnig verður, þar sem möguleikar eru fyrir hendi, að koma á fót serstökum leshringum um æskulýðsmál. Serstakt verkefni SUK er að koma á fót leikhópum í öllum deildum sínum. Í öllu útbreiðslustarfi SUK verður að leggja mikla áherslu á agitationina fyrir Sovjet-Rússlandi. Kynna verkalýðsæskunni kjör æskulýðsins þar í sambandi við stríðshattuna.

#### STARFSLÍNUR Í BENDANÁLUM. STARF BENDANEFNDAR.

1. Útbreiðslu-og fræðslustarfsemi. Starfið rekið gegnum Nýja Tímann og bryn þörf að stækka hann, vinna öfluglega að útbreiðslu hans og skapa honum fjárhagslegan grundvöll meðal kaupendanna sjálfra. Eðnnig með þekkingum um ákveðið efni. Fyrst um sinn skal lögð aðaláhersla á að skýra fyrir smá- og millibændum stéttarafstöðu þeirra gagnvart stórbændum, jarðeigendum, kaupfélögum, kaupmönnum, bönkum og ríkisvaldinu, sem allir arðræna þá, hver eftir sínum nótum. Ennfremur eðli borgaralegra laga og réttarfars og hvernig það er eitt af tækjum yfirstéttarinnar til arðránsins, einnig eðli skóla og trúarbragðsstofnanna. Sérstaklega verður að leggja mikla áherslu á að fræða þá um afstöðu þeirra til verkalýðsins, efnalega, atvinnulega og sérstaklega þá pólitísku hugsanaeiningu með verkalýðnum, forustuhlutverk verkalýðsins og kommunistaflokksins í stéttabaráttunni, að barátta bændanna er dauðadæmd án sambands við verkalýðinn og undir forustu hans (dæmi Finnland) og að takmark þessarar baráttu verður að vera verkalýðs bylting í bandalagi við bændur (hlutverk þeirra í hendi) fyrir verkamanns- og bændastjórn á Íslandi (Sem verður að skýra vel). Og jafnframt að skýra vel fyrir þeim baráttu kommúnista fyrir stéttlausu þjóðfélagi og fræða um Sovjet-

Rússland, þar sem sú barátta er að nalgast takmarkið, Mismun á atvinnufélagsskap og áhrifum aukinnar tækni etc. í sósíalítísku og kapitalistísku ríki etc. Jafnframt þessu verður einnig að örfa til starfa í hinni daglegu stéttarbaráttu og gefa þeim bendingar um, hvernig henni verður best fyrir komið að sem mestur árangur fái af henni. Einnig þarf nefndin að gangast fyrir því, að fluttir séu fyrirlestrar í sveitunum um þessi mál.

## 2. FORUSTA Í HAGSMUNABARÁTTU SMÁ- OG MILLIBÆNDA.

Gangast fyrir fundum í sveitunum, þar sem rædd eru vandamál smá- og millibændanna og settar fram kröfur á hendur yfirstéttinni og kosnar nefndir til að hafa forustu í baráttu fyrir því, að fá þeim kröfum framgengt. Baráttunefndir í sveitum máði að því að mynda víðari samtök (í héraðum, landshlutum og loks fyrir allt landið). Leggja verður áherslu á að nefndir séu uppbyggðar í virkri dagurbaráttu á staðnum fyrir smá- og millibændur gegn greiðslu skatta, útsvara, jarðar-af-gjalda, renta og afborgana af skuldum, fyrir greiðslu afurða í peningum, fyrir samtökum um að neita að veðsetja jarðir, búpening og áhöld fyrir skuldum, gegn lokun reikninga, gegn nauðungaruppboðum, gegn fátækraflutningi og réttindaskerðingu vegna þegins sveitastyrks, fyrir hækkun sveitastyrksins etc. Jafnframt verður að fylkja smá- og millibændum til baráttu fyrir almennri og víðtækri efnalegum og pólitískum kröfum. Kröfurnar séu þessar:

1. Uppgjöf skulda og útstrykun vaxta fyrir smá- og millibændur.
2. Afnáam tolla á nauðsynjavörum smá- og millibænda.
3. Afnáam fasteignaskatts á smá- og millibændum.
4. Styrkur ur ríkissjóði til hársbygginga, jarðræktar, búpennings og verkferakaupa.
5. Aðgangur fyrir smá- og millibændur að hlunnindum stórbænda.
6. Nægilegt ókeypis land til ræktunar henda balausum mönnum á kostnað stórbænda, ríkis og banka.

7. Auknar framkvæmdir í sveitum á kostnað hins opinbera (vegir brýr, rafvetur, sími o.s.frv.)
8. Hækkun kaupgjalds í samræmi við kaupgjald í bæjum.
9. Ríkið eitt framfærsluhérað á kostnað ríkissjóðs.
10. Skólar í sveitum (barnaskólar, alþýðuskólar, landbúnaðarskólar) á kostnað hins opinbera, og ókeypis skólavist.

Framkvæmdir á kröfum þessum verður að luta stjörn smá- og millibændanna sjálfra, sem hafi orskurðarvald í þeim. Skal lögð rík áhersla á að sameina baráttu fátæku bændanna og verkalyðsins til gagnkvæmrar hjálpar, einkum í baráttunni gegn nauðungaruppböðum og í verkföllum. Með þessari daglegu baráttu skal miðað bandalagið milli verkalyðs og fátækra bænda en ríkaráherslu verður að leggja á að sýna smábændunum fram á nauðsynina á forustu verkalyðsins í baráttu hinna undirokuðu stétta, sökum návígis verkalyðsins við auðvaldið, samtaka hans og þjóðfélags-hlutverks. Nauðsynlegt er að gera sér far um að inn í baráttu-nefndir bænda séu kosnir verkamenn í sveitum og berist sé fyrir sérstökum kröfum þeim til handa.

Undir forustu flokksins verður að fylkja smá- og millibændum til dægurbaráttu fyrir þessum kröfum, allt eftir því, sem tekst að samfylkja þeim inn á hverjum tíma og í hverju héraði.

#### VERKEFNI MIÐSTJÓRNAR OG DEILDA.

Miðstjórnin má ekki eins og hingað til hefir verið kasta allri ábyrgð bændamálum yfir á herðar bændanefndar einnar og ekki láta hana standa einangraða í starfinu. Heldur verður miðstjórnin og framkvæmdanefndin að bera aðalábyrgðina á starfinu meðal bænda og allar fastanefndir miðstjórnaðinnar (pól.nefnd, agir p. pr.op., skipulagsnefnd fagleg nefnd etv) að láta málið til sín taka í samræmi við verksvið þeirra og í sambandi við bændanefndina. Miðstjórnin verður að hafa betra eftirlit með Nýja Tímanum og veita honum meiri stuðning en hingað til. Miðstjórnin verður að sjá svo um að allar deildir taki heðan í frá virkan þátt í starfsemi á þessu sviði, geri sérstaka menn eða nefnd

ábyrgða fyrir starfi þessu í héruðum þeim, er deildin nær til og sjá um, að bændahreyfingin verði í sterkum tengslum við baráttu verkalýðsins á staðnum. Fyrsta verk miðstjórnar í bændamálum verður að vera að endurskoða stefnuskrá K.F.I. í landbúnaðarmálum eins og hun kemur fram í "Hvað vill K.F.I.?" og semja nýja ítarlega stefnuskrá í samræmi við álit og samþ. IIQ þing K.F.I.

#### SAMVINNUMÁL (NEFNDARALIT).

Nefndin lætur sér nægja að taka sem grundvöll kaflann um samvinnumál í bókinni "Hvað vill kommunistaflokkur Íslands?", en gerir við hann þær breytingar, sem hér greinir. Ályktunin verður því þessi. Einhver fyrsti vísirinn að stéttarsamtökum hér á landi eru samvinnufélögin. Á skömmum tíma hefir fjöldi manns bundist samtökum í samvinnufélögunum til baráttu gegn kaupmannasvaldinu. Jafnframt því sem samvinnufélög bænda hafa þróast hafa orðið miklar breytingar á atvinnulífi þjóðarinnar á örskömmum tíma. Auðvaldið hefir tekið á sig síðustu mynd sína, mynd fjármálaauðvaldsins. Mörg bændasamvinnufélög eru orðin að stórfyrirtækjum, sem eru bundin fjármálaauðmagninu og ríkisvaldinu sterkum böndum. Í stað þess að vera fyrst og fremst samtök gegn kaupmannaokri til innkaupa á ódýrum lífsnauðsynjum eru mörg þeirra orðin fyrst og fremst að söluhring, þar sem stórbændurnir og auðvaldið ræður öllu. Hagnaðurinn rennur fyrst og fremst til bankanna og auðmannsklíku þeirra, sem stjórnar S.I.S., þar næst til stórbændanna, sem mest hafa viðskiftin. Verkalýðurinn verður oft að heyja harða baráttu við kaupfélög þessi, sem oft standa framarlega í kaupkögunartilraunum atvinnurekenda. Flokkurinn sýnir smábændum fram á, að yfirstéttapólitík kaupfélaganna er ekki til hagsmuna fyrir þá, skipuleggur andstöðu þeirra gegn stórbændum, sýnir þeim fram á sameiginlega hagsmuni þeirra og verkalýðsins í þeim stríðum., sem mestu varða. Flokkurinn hefir í fyrri stefnuskrám sínum vakið tálvonir um að framleiðslusamvinnufélög geti orðið

vopni stéttabaráttu verkalyðsins. Þetta er útilokað. Flokkurinn má undir engum kringumstæðum beita sér fyrir stofnun framleiðslusamvinnufélaga innan auðvaldsþjóðfélagsins, því þau hljóta ávalt að verða verkferi í höndum yfirstéttarinnar gegn gagsmunum verkalyðsstéttarinnar. Reynslan frá Ísafirði og Akureyri sanna þetta. Þó skal flokkurinn ekki beita sér fyrir því að þau framleiðslu samvinnufélög, sem nú eru fyrir hendi séu lögð niður, en mynda í þeim lið, sem berjast innan þeirra fyrir ákveðnum launakjörum og öðrum hagsbótum þess verkalyðs sem þar starfar án tillits til þess, hvort félagið getur þá staðið í skilum við lánardrottning sína eða ekki, og einnig berjast innan þeirra fyrir hagsbótum verkalyðsins á kostnað ríkisins og bæjarhaldsins. Ástæðurnar fyrir því að framleiðslusamvinnufélög eru skaðleg verkalyðnum eru einkum þessar. 1. Að þau hljóta að verða háð ríkisvaldi auðvaldsins eða bæjarfélögum. 2. Að þau verða háð bankaauðvaldinu. 3. Að þau eru háð verzlunarauðmagninu og auðvaldsmarkaði. 4. Vekja tálvonir hjá verkalyðnum um stund og veikja þannig aðstöðu hans í baráttunni um völdin í þjóðfélaginu. 5. Sundra verkalyðnum í baráttunni fyrir hærri launum og betri vinnuskilyrðum við önnur auðvaldsfyrirtæki. 6. Gefa auðvaldinu nýjamöguleyka til að spilla foringjum verkamanna (stjórnendum fyrirtækisins) og kaupa þá til fylgis við sig. 7. Framleiðslusamvinnufélög orsaka að verkamennirnir verða óstéttvísir með því að þeir trúa því að allur arður fyrirtækisins lendi hjá þeim sjálfum og verða fusari að leggja á sig þyngri byrðar fyrir félagið en þeir myndu gera sem verkamenn í hreinræktuðu auðvaldsfyrirtæki. Flokkurinn berst fyrir því að stofnuð séu pönhunarfélög og kaupfélög verkamanna (neytendafélög), þar sem því verður við komið og þar sem samfylkt er öllum verkalyð án tillits til pólitískra skoðana, og leiði flokkurinn félög þessi sem stéttabaráttufélög, með því að styrkja verkalyðinn í stéttabaráttu innan slíkra verkamannakaupfélaga, sem nú eru starfandi (Ísafirði, Akureyri, Reykjavík og Vestmannaeyjum), myndi flokkurinn lið og berjast gegn umbótapólitík sósíaldemó-



krata og breyti þeim í stéttabaráttufélög, Þar sem ógerningur er fyrir kommunista að mynda lið í þessum félögum (vegna uti- lokunar sós. dem) beiti flokkurinn sér fyrir stofnum nýrra pöntunar- og verkamannakaupfélaga.

#### ÁLIT KVENNANEFNDAR.

Kvennanefndir hafa verið stofnaðar á Isafirði, Siglufirði, og í Reykjavík. Arangurinn af starfi þessara nefnda hefir í raun og veru ekki orðið annar en utgáfa og sala á "J<sup>v</sup>lablaði verkakvenna" og "Nýju konunni" þó hafa flokkskonur, sérstaklega í Vestmannaeyjum, Isafirði, Akureyri og Siglufirði tekið virkan þátt í hinni daglegu hagsmunabaráttu verkalyðsins. Kvennanefnd Reykjavíkur hefir að nafninu til haft starfandi lið innan verkakvennafélagsins "Framsókn" og kvennanefnd Siglufjarðar hafði töluvert virkt lið innan verkakvennafélagsins "Ósk". Á Isafirði hafa konurnar ásamt karlmönnum haft virkt lið í verkamannafélaginu "Baldur". Þar sem hefndir þessar hafa starfað, hafa deildirnar ekkert gætt til að hvetja, styrkja eða leiðbeina þeim í starfinu og allar aðrar deildir KFI hafa ekki reynt að nota sér að nokkru verulegu leyti starfsorku kvennanna í deildunum. Þó hefir deildin í Vestmannaeyjum gert tilraun til þess að notfæra sér starfskrafta kvennanna, sérstaklega í Kveldalfsverkfallinu og með geðum árahgri. Segir í skýrslu Vestmannaeyja deildarinnar, að konurnar hafi engu síður en karlmennirnir unnið að undirbúningi og sigri verkfallsins. Nefndin álítur að starfið meðal kvennanna, sem hingað til hefir eingöngu verið agitation og upplýsingarstarfsemi, verði að færast út á vinnustöðvarnar og lögð se aðal- áhersla á starfið meðal fiskverkunar, - síldar, - og verksmiðju- stólkana. Agitation og útbreiðslustarfsemi erður að breytast í þá átt, að verða liður og lyftistöng í hinni daglegu hagsmunabaráttu verkakvennanna. Skýra skal vel fyrir verkakonunum starf okkar í faglegum málum, þ.e. sameining alls verkalyðs eftir vinnu- stöðvun og iðngreinunum og lögð se á hersla á að þegar verka- kvenna og verkamannafélög eru sameinuð, að það sé ekki gert með fundarsæmþykkt eingöngu, heldur fyrst og fremst að verkalyðurinn

sannfærst um nauðsyn þess í gegnum hagsmunabaráttuna og upplýsingarstarfsemi flokksins. Sérstaka áherslu skal leggja á samfylkingarbaráttu meðal kvennanna og kvennanefndum falið að utbúa samfylkingarstefnuskrá í samræmi við hina almennu samfylkingarstefnuskrá verkalyðsins og ræða hana ítarlega með verkakonunum sjálfum og semja að staðháttum. Þá breytingu verður líka að framkvæma í starfinu meðal verkakvenna, að kvennanefndum verði ekki falið það eingöngu, heldur flokknum sem heild, og verður miðstjórn og deildarstjórnir að bera ábyrgð á starfi kvennanefnda og leiðbeina þeim. Þær kvennanefndir sem skipaðar verða af miðstjórn eða deildarstjórnunum, verða fyrst og fremst að vera samsettar af verkamönnum og konum frá þyðingarmestu vinnustöðvunum, sem konur vinna á. Á meðal annarra stéttarbrota hinna vinnandi kvenna, svo sem vinnukvenna, baðarstakna, husmæðra, saumakvenna o.s.frv. skal lögð áhersla á að vinna að því, að kynnast högum þeirra (safna skýrslum og upplýsingum) og hęja öfluga agitation og utbreiðslustarfsemi meðal þeirra, er miði að því að skipuleggja þær til baráttu með stéttarsystrum sínum.

#### ALIT ÞJÓÐERNISMÁLANEFNDAR II. ÞINGS KFÍ.

Frá Komintern hefir oftast en einu sinni komið fram gagnrýning á afstöðu kommunistaflokks Íslands til þjóðernismálins, t. d. í brefi POLSEKER í nóv. 1931 og nú nýlega í bréfi SKLS. Aðfinnslurnar hafa aðallega verið fölgjar í því, að Kommunistaflokkurinn hafi vanmetið þyðingu þeirrar hreyfingu móti sambandi við Danmörku, sem varð ut af þingrofinu 1931 og því ekki gert skýldu sína í henni. En sérstaklega gagnrýnir Komintern þá sk skoðun flokksins á sambandinu milli enska Imperíalisms, sem þrúfaldlega hafa komið fram í blöðum flokksins og tímaritum "Réttur". Að hið eiginlega auðvald, sem <sup>hér</sup> ~~þú~~/sé við að etja, sé enski Imperíalisminn og íslenzku borgarastéttina, beri því að skoða sem orindreka hans eða lepp, sem ekkert sjálfstætt hlutverk hafi. Gagnvart starfsemi kommunistaflokksins í

Þjóðernismálum framvegis vill Þjóðernismálanefndin benda á eftirfarandi: Flokkurinn verður að forðast að vanmeta þýðingu sambandsins við Danmörku við hliðina á áhrifum Imperialismans. Flokkurinn berst gegn gagnkvæmum réttindum samkvæmt sambandslögunum frá 1918, þar sem þau veita dönsku burgeisastéttinni sérrettindi, sem dönsku verkamennirnir hins vegar hafa engin not af, það verður að forðast að láta á upplausn konungssambandsins og stjórnfarslegt sjálfstæði Íslands sem einkamál borgaraflokksins. Málið er dagskrármál mikils hluta þjóðarinnar, þar sá á meðal fjöldans alls af smá borgarastéttinni og alþýðumanna. Þess vegna verður flokkurinn sem gerir kröfu til að taka völdin í landinu í sínar hendur, að láta sig þetta mál miklu skifta, ekki aðeins að fylgjast með hinum flokkunum, heldur fyrst og framst að taka að sér forystuna úr höndum yfirstéttanna "Sjálfstæðisflokksins". Fletta ofan af óheilindum borgaraflokkanna og efnahagslegu ósjálfstæði stéttarinnar, sem á bak við þá standa, gagnvart dönsku burgeisastéttinni samhliða bankavaldi enska Imperialismans.

#### FORUSTA VERKALÝDSINS Í SJALFSTÆÐESBARÁTTUNNI.

Flokkurinn verður að halda áfram hinni skörpustu baráttu móti öllum tilraunum til þess að láta Ísland ganga í þjóðabandalagið samhliða viðtekri upplýsingarstarfsemi um það imperialistiska og gagnbyltingasinnaða hlutverk, sem þjóðabandalagið hefir með höndum gagnvart smáþjóðunum og nýlendu þjóðum og þe einkum Sovjet-lýðveldunum. Flokkurinn verður að gera verkalyðnum ljóst hina miklu og afar hættulegu þýðingu Íslands fyrir Imperialismann í stríði gegn Sovjet-lýðveldunum, í fyrsta lagi sem flota- og flugherstöð með kola og olíuforða fyrir á ásarher og í öðru lagissem matvælaframleiðslu til ómetanlegarar hjálpar fyrir England og þau stórveldi, sem forystuna hefðu í þeim árásum. Kommunistaflokkurinn verður að forðast að vanmeta sjálfstæði íslensku borgarastéttarinnar í hungurs- og ofbeldisrásum á verkalyðinn. Arásir þær eru ekki

fyrst og fremst framkvæmdar af Þjóðsalund íslensku borgarastéttarinnar við Imperíalismann heldur fyrst og framst sökum beinna stéttahggsmuna innlendu borgarastéttarinnar sjálftrar. Flokkurinn berst fyrir atstærkun skulda þeirra við erlendafjármálaúvaldið, sem íslenska borgarastéttin hefir steipt landinu í og íþyngja alþýðu geysilega. Flokkurinn berst gegn tilraunum burgeisastétta Íslands og Norðurlanda um að aðræna íbúa Grænlands og lýsir sig semþykkan fullu þjóðernislegu sjálfstæði bæði þeirra og Færeyinga.